

DRÖG AÐ STEFNU Í FERÐAMÁLUM Í HAFNARFIRÐI

Umsögn: FRÆDSLUPJÓNUSTA HAFNARFJARÐAR

Umsögn fræðslupjónustu Hafnarfjarðar til fræðsluráðs Hafnarfjarðar um drög að *Stefnu Hafnarfjarðarbæjar í ferðamálum – samráð og samvinna*, sem svo er kynnt í fundargerð menningar- og ferðamálanefndar þann 9. ágúst 2012 og er nú í umsagnarferli skv. fundargerð nefndarinnar:

2. 1202073 - Stefnumótun menningar- og ferðamálanefndar í ferðamálum.

Niðurstaða fundar:

Ákveðið að óska eftir umsögnum nefnda og ráða sem fyrst.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, f.h. fræðslupjónustu Hafnarfjarðar, hefur tekið til skoðunar og umfjöllunar drög að stefnu Hafnarfjarðarbæjar í ferðamálum, að ósk menningar- og ferðamálanefndar bæjarins í samræmi við fundargerð nefndarinnar. Við skoðun og mat á umræddum stefnudrögum eru málefni skólastarfs í bænum, með áherslu á leik-, grunn- og tónlistarskóla, höfð að leiðarljósi við matið og drögin eru því ekki skoðuð út frá öðru sjónarhorni eða sjónarmiðum.

Af yfirllestri stefnudraganna finnst engin umfjöllun sem tengist skólastarfi og skólamálum eins og það viðfangsefni snýr að bænum sjálfum, þ.e. rekstri leik-, grunn- og framhaldsskóla. Þannig eru stefnudrögin ekki að fást við „ferðamennsku“ út frá sjónarhóli nemenda og skólastarfs. Stefnudrögin fjalla þó um ýmsa þætti í menningarstarfi bæjarins sem nemendum og skólastarfi tengist, s.s. söfn bæjarins, nánasta umhverfi, íþróttir og útivist. Einn kafli í skólastefnu Hafnarfjarðar (2009) fjallar um slík viðfangsefni (kafli 1.9, bls. 17). Hvort samhengi á milli skólastefnu bæjarins og ferðamálastefnu eigi að vera til staðar er kannski ekki augljóst og þarfnast sérstakrar skoðunar, þ.e. hvort viðfangsefnið „stefna um ferðamál“ nái til annarra en utanaðkomandi ferðamanna, innlendra sem erlendra. Á meðan svo er ekki hefur fræðslupjónustan engar ábendingar eða athugasemdir fram að færa við stefnudrögin.

Hafnarfirði 10. október 2012.

F.h. fræðslupjónustu Hafnarfjarðar


Magnús Baldursson, sviðsstjóri fræðslupjónustu